

Fréttabréf Fjöreggs II – 11. okt. 2016

Sælir góðir félagsmenn!

Hér kemur fréttabréf með ýmsum upplýsingum um starfið síðasta sumar og fyrirhugaða dagskrá í haust og vetur.

- Hjördís Finnbogadóttir var fulltrúi í ráðherraskipuðum hópi sem fjallaði um ástand Mývatns og fráveitumál. Hér er slóð á skýrslu hópsins:
https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/MYVATNSSKYRSLA-LOKAEINTAK-20062016.pdf
- Fjöregg stóð síðan fyrir opnum fundi um málið í júní þar sem Árni Einarsson, forstöðumaður RAMÝ og oddviti hreppsins Yngvi Ragnar Kristjánsson fræddu fundargesti um ástand vatnsins og vinnu og áætlanir sveitarstjórnar um úrbætur í fráveitumálum. Einnig svöruðu þeir spurningum fundarmanna.
- Stjórn Fjöreggs ákvað í júní að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við stofnun hálandisþjóðgarðs, „Í hjarta landsins“.
- Fjöregg fékk úthlutað svæðinu við Óhappið á ruslatínsludeginum í júní og þar var m.a. fjarlægð gömul og lúin girðing sem var hálfgrafinn í jörðu.
- Í sumar unnum við og sendum inn umsögn vegna Rammaáætlunar 3 í samstarfi við Ragnhildi Sigurðardóttur, líf- og umhverfisfræðing frá Þórólshvoli hér í sveit.
- Í september héldum við opinn félagsfund um aðkomu almennings að skipulagsmálum. Þóroddur Þóroddsson, fyrrverandi starfsmaður á Skipulagsstofnun, fræddi fundarmenn um lög og reglur, umsagna- og vinnuferla og gaf góð ráð til fundarmanna um slíka vinnu. Eins svaraði hann fjölmörgum spurningum þeirra um málið. Þetta var mjög gagnlegur fundur fyrir þá sem hafa hug á að taka þátt í skipulagsvinnu og vilja senda inn umsagnir vegna slíkra mála.
- Skipulag og efni haust- og vetrarstarfs er enn í vinnslu, en þetta eru helstu mál sem okkur langar að vinna að:
 1. Skemmti- og fræðsluferð félagsmanna í Gjástykki. Ferðin er fyrirhuguð nú á laugardag 15. október og verður auglýst nánar á morgun. Farin verður leiðin um Draugagrundir með girðingum norðan við Gæsafjöll og austur í Gjástykki þaðan.

2. Almennir opnir fundir eru fyrirhugaðir og standa yfir viðræður við þá sem okkur langar til að komi á fundina og haldi fræðsluerindi og taki þátt í umræðum. Meðal annars er hugmynd um að fá Arnhildi Pálmadóttur arkitekt og samstarfskonu hennar Brynhildi „sveitunga okkar“ til að koma og fræða okkur um endurnýtingu og nýtni í grænum arkitektúr. Eins standa yfir þreifingar um að fá til okkar umhverfisheimspeking sem hefur rannsakað hvernig hægt er að meta upplifun og tilfinningar þegar einstaka svæði eru metin til virðis, t.d. við gerð á umhverfismati.

- Síðasta laugardag kom fulltrúi frá félagi ungra umhverfissinna í heimsókn og fræddi okkur um starf félagsins og kynningarferð þess um landið. Ungir umhverfissinnar einbeita sér einkum að framhaldsskólum í þessari ferð. Hjá þeim kom fram að starf og aðgerðir Fjöreggs fram að þessu væri bæði hvatning og til fyrirmyndar fyrir þetta unga félag og meðlimi þess. Okkur þótti sérlega vænt um að heyra það, enda er markmið okkar að vinna faglega að þeim málefnum sem við tökum að okkur og eins að fræða og skapa umræður í sveitinni og gaman ef eftir því er tekið utan sveitar.

Af kæruráálum

Framkvæmdaleyfi Kröflulínu 4

Ýmsir sveitungar hafa að undanförru komið að máli við stjórnarmenn í Fjöreggi og lýst áhuga á að kynna sér forsendur þess að félagið hefur í samstarfi við Landvernd kært framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar til lagningar Kröflulínu 4. Sú gagnrýni hefur líka heyrst að Fjöregg sé á móti framkvæmdum á Bakka og jafnvel þeistareykjum. Tekið skal fram að Fjöregg hefur enga afstöðu tekið til þeirra framkvæmda enda báðar utan þess svæðis sem félagið starfar á.

Almennt má segja að það sé hlutverk samtaka á borð við Fjöregg að standa vörð um náttúruna, meðal annars með því að fylgjast með framkvæmdum og ýmsum inngrípum manna og eftir atvikum að gera athugasemdir ef ekki er fylgt réttum leikreglum. Í lögum Fjöreggs segir m.a. um markmið félagsins og hvernig eigi að ná þeim:

„með því að fylgjast með hvers konar vó sem náttúrunni er búin af mannlegum inngrípum og vekja athygli á henni“.

Stjórn Fjöreggs hefur lengi talið að Kröflulína 4 eins og henni er lýst í áfomum Landsnets myndi spilla hraunum og ásýnd lands við Leirhnjúk sem er einn af vinsælustu útivistar- og ferðamannastöðum sveitarinnar. Á aðalfundi 2015 var ályktað um málið og tekið undir kröfu Landverndar um að umhverfisáhrif línunnar yrðu metin að nýju því framkvæmdin fæli í sér:

„veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á hraunið vestan við Hvíthólaklif. Þar að auki myndi hún valda mikilli skerðingu á lítt snortnum víðernum sunnan Gæsafjalla. Þá myndi raflína á þessu svæði hafa neikvæð áhrif á útsýni frá Leirhnjúk. Almennt myndi framkvæmdin hafa verulega neikvæð áhrif á nýtingu svæðisins fyrir ferðaþjónustu.“

Það voru ekki létt spor að taka þátt í því með Landvernd að kæra framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. En stjórn Fjöreggs virtist sem það orkaði verulega tvímælis að leyfið stæðist lög og reglur. Því hefði félagið miðað við lög sín og hlutverk verið að vanrækja skyldur sínar ef það hefði ákveðið að láta kyrrt liggja. Markmið félaganna með kærinni var að fundin yrði önnur leið fyrir raflínuna sem ylli minni spjöllum á náttúrunni og upplifun fólks af henni.

Nú hefur útskurðarnefndin fellt framkvæmdaleyfið úr gildi með vísan til skipulagslaga, náttúruverndarlaga og stjórnsýslulaga. Ég hvet fólk til að kynna sér kærana og úrskurð nefndarinnar.

Hér má lesa kærana: <http://fjoregg.is/index.php/2016/09/24/kroflulina-4-kaera-fjoreggs-og-landverndar/>

Hér er slóð á úrskurð ÚUA <http://www.uua.is/?c=verdic&id=1370>

Vanefndir á lögum um verndun Mývatns og Laxár

Meginbreytingin sem gerð var á verndarlögunum árið 2004 fólst í því að undanskilja verndinni stærstan hluta sveitarfélagsins. Lög nr. 97/2004 taka aðeins til vatnakerfis Mývatns og Laxár með 200 metra breiðum bakka auk nokkurra annarra svæða sem tilgreind eru sérstaklega. En eftirfarandi bráðabirgðaákvæði laganna lagði stjórnvöldum á hendur þær skyldur að friðlýsa tiltekin svæði:

„II. Umhverfisstofnun skal þegar hefjast handa við undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga þessara en eigi að síður er mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða.“

UST skilaði í september 2004 tillögum sínum um svæði sem skyldi friðlýsa – en samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna átti friðlýsingum að vera lokið fyrir 1. janúar 2008. Leirhnjúkshraun sem við sögu kemur í kærumálinu sem að ofan er rakið er einmitt eitt þessara svæða. Brátt verða níu ár liðin síðan friðlýsingunum átti að vera lokið en mikið vantar á að svo sé. Náttúruverndarsamtökin Landvernd rituðu umhverfisráðherra í mars á þessu ári og skoruðu á hann að ljúka þegar friðlýsingum samkvæmt lögum nr. 97/2004. Jafnframt var ráðherra tilkynnt að efndi hann ekki framangreindar lagaskyldur mætti hann búast við að vera dreginn fyrir dómstóla án frekari fyrirvara í því skyni að knýja fram fullar efndir á bráðabirgðaákvæðinu sem vitnað er til hér að framan. Ráðherra spurðist fyrir um stöðu friðlýsinga í Skútustaðahreppi hjá UST og hefur stjórn Fjöreggs kynnt sér svar stofnunarinnar við erindinu. Þar er staðfest að verulega vantar upp á efndir fyrrnefnds lagaákvæðis. Á stjórnarfundum í Fjöreggi 6. október s.l. var ákveðið að taka þátt í undirbúningi málssóknar með Landvernd.

Með sömu rökum og að ofan greinir vegna Kröflulínu 4 ákvað stjórn að vera með Landvernd í kæru vegna þessa máls. Í málum sem þessum, sem snerta einstök svæði, er mikilvægt fyrir málsmeðferðina að heimamenn láti í sér heyra og séu þátttakendur. Það styrkir mjög ákvarðanatöku við meðferð mála og talar máli heimamanna varðandi náttúruverndarsjónarmiðin.

Slóð að borplani í Leirhnjúkshrauni

Til meðferðar eru einnig afskifti Landverndar og Fjöreggs af frágangi borplans og vegslóða vegna tilraunaborunar Landsvirkjunar á holu KV1 í Leirhnjúkshrauni vestan Hvíthólaklyfs. Með úrskurði Skipulagsstofnunar frá 9. september 2002 voru Landsvirkjun heimilaðar rannsóknarboranir vegna fyrirhugaðrar nýtingar gufuaflds á svokölluðu vestursvæði við Kröflu. Var sú ákvörðun Skipulagsstofnunar kærð til umhverfisráðuneytisins af Landeigendafélagi Reykjahlíðar ehf, í samræmi við ákvæði þágildandi lög nr. 106/2000. Umhverfisráðherra staðfesti ákvörðun Skipulagsstofnunar með úrskurði hinn 13. maí 2003, þó með því viðbótarskilyrði að vegslóði að fyrirhuguðum borplönnum yrði fjarlægður yrði ekki um að ræða nýtingu á jarðhita í kjölfar rannsóknarborana. Umrædd borhola KV1 hefur ekki skilað árangri og því ber sveitarstjórn Skútustaðahrepps að láta Landsvirkjun framfylgja úrskurði í málinu um að fjarlægja ummerki og ganga frá svæðinu. Þetta mál kom upp þegar við skoðuðum gögn vegna framkvæmda í Leirhnjúkshrauni og með sömu rökum og í báðum ofangreindum málum ákváðum við að taka þátt í kæru til að knýja á um að lögum væri framfylgt.

Í öllum þessum kærumálum hafa stjórnarmenn Fjöreggs lagt sig fram um að vinna faglega að þátttöku félagsins m.a. með því að kynna sér öll þau gögn sem málin varða og ígrunda og ræða hvert mál fyrir sig á stjórnarfundum. Það er okkar mat að félaginu beri að taka á umhverfismálum af festu þegar það á við og samræmist markmiðum félagsins eins og þau eru skilgreind í lögum þess. Ekki er þó síður mikilvægt að fjalla um minna umdeild mál, fræða og skapa ummræður um umhverfisvitund og eins að létta sér upp með samveru og stuttum skemmtiferðum um okkar fagra nærsvæði.

Að lokum vil ég óska okkur góðs vetrar og ánægjulegs starfs um leið og ég minni á fyrirhugaða skemmtiferð í Gjástykki nú á laugardag 15. okt. Vonast til að sjá sem flesta félagsmenn þar.

Með félagskveðju,

Ólafur Þróstur Stefánsson.

